

Tillaga til þingsályktunar um jafnt aðgengi að internetinu.

144.löggjafarþing 2014-2015

Þingskjal 28 – 28. mál.

22. okt. 2014

Sendandi

Hugvangur - Þekkingarsetur

Kaupvangi 6

700 Egilsstöðum

Umsögn

Út úr greinargerðinni er hægt að lesa tvö aðalatriði sem við teljum að þingsályktunin útskýri ekki nægilega vel.

- 1) Allir eiga rétt á að geta komist á netið (almenn mannréttindi)
- 2) Allir þakkarnir á netinu eiga að vera vinir (net hlutleysis hugmyndafræðin).

Nethlutleysis hugmyndafræðin snýst eingöngu um að mismuna ekki netumferð þegar hún er komin á netið en hefur lítið um það að segja hvernig eigi að koma fólki í mannsæmandi netsamband. Því leggjum við til að grein a) sé umorðuð þannig að hún eigi einungis við um net hlutleysis hugmyndafræðina og þær skyldur sem það mun setja á netveitur.

a) Hvernig tryggja skuli að umferð á netinu sé ekki mismunað í samræmi við „net hlutleysis“ hugmyndafræðina, eftir atvikum með lagasetningu um skyldur netveita eða lagasetningu sem staðfestir netveitur sem almenna burðaraðila.

Við teljum að það væri gott að skilgreina hvað teljist vera lágmarks gæði nettengingar þannig að notendur geti framkvæmt algengustu aðgerðir án þess að lenda í vandræðum. Því leggjum við til að lið b) sé breytt á svipaðan hátt og listað er hér að neðan.

b) Hvernig tryggja skuli að nettengingar sem í boði eru uppfylli lágmarks gæði.

- Gæði nettenginga eru metin út frá þáttum eins og t.d. bandvídd, hraða, stöðugleika og uppitíma. Vöntun á einhverjum af þessum þáttum getur valdið því að ekki er hægt að nýta nettenginguna í að t.d. skila skattaskýrlum, stunda fjarnám eða skrifa undir skjöl rafrænt.

c) Hvernig tryggja skuli sanngjarna og sem jafnasta gjaldtöku fyrir þá lágmarksþjónustu sem skilgreind er í lið b.

- Gagnaveitur auglýsa „allt að x mbit/sec hraða“ en á stöðum þar sem aðeins er hægt að ná broti af þeim hraða/þeim gæðum eru notendur samt rúkaðir eins og tengingin sé að ná fullum afköstum.

Við teljum að uppbygging samskiptakerfis á Íslandi sé töluvert á eftir öðrum Skandinavíulöndum og þurfi að taka miklum framförum á næstu árum til að allir landsmenn geti notið alls þess sem internetið hefur upp á að bjóða.

Þráðlausar lausnir (3G og 4G) eru staðbundnar lausnir sem eru einfaldlega ekki nógu vel til þess fallnar að koma góðu netsambandi á afskekktu staði, og því megi ekki vanrækja að koma á fastlínusambandi við þessa staði.

- Nokkur nærtæk dæmi:

Hallormsstaður: Þar eru 2 skólar , 40 herbergja heilsárshótel og starfsstöð Skógræktar ríkisins. Heildarbandvídd 2Mb í gegnum ævagamla ADSL-tengingu. Allar sjónvarpstengingar eru líka í gegnum ADSL. Ekki er hægt að nota VOD eða Tímaflakk þar sem stöðin ræður ekki við það. Stöðin er í eigu Símans eða Mílu. Hótelid getur ekki haft þráðlausan aðgang á herbergjum. Það er ómögulegt að stunda nám gegnum netið þaðan, hvað þá vinnu. Dæmi um að ekki hafi verið hægt að skila skattaskýrslum og heimabankar eru stundum óvirkir vegna of lítills hraða/bandvíddar. Þrátt fyrir þetta þurfa íbúar að borga sama gjald og allir hinir, en fá mun lélegri þjónustu.

Fljótsdalur: Þar eru góðar tengingar innan sveitar, ljósleiðari á hvern bæ. Þrátt fyrir það eru dæmi um það að ekki hafi verið hægt að nota heimabanka vegna lélegs sambands inn á svæðið. Þar er um að ræða tengingu frá 365 miðlum/Vodafone.

Mýrdalur: Starfsmaður okkar ætlaði að flytja í Mýrdalinn og vinna þaðan, en varða að hætta við því loforð um að ljósleiðari yrði lögður nú í sumar voru svikin.

- Til hliðsjónar:

Finnland er mjög framarlega á þessu sviði en þar hefur hverjum einstaklingi verið tryggt að lágmarki netsamband upp á 1 Mbit/sek frá því í júlí 2010.

Fyrir hönd Hugvangs á Egilsstöðum,

Garðar Valur Hallfreðsson

Þórunn Hálfðánardóttir

Sigurður Páll Behrend

Unnar Erlingsson

Erlingur Þórarinsson